

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Guðrún Jóhanna Jónsdóttir
sópran

Guðríður St. Sigurðardóttir
píanó

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Priðjudaginn 13. júlí 1999 kl. 20:30

Guðrún Jóhanna Jónsdóttir lauk píanókennaraprófi árið 1992 frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar þar sem aðalkennarar hennar voru þær Guðríður St. Sigurðardóttir og Brynja Guttormsdóttir. Árið 1994 lauk hún einsöngvaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík en kennarar hennar þar voru þau Dóra Reyndal og Ólafur Vignir Albertsson. Framhaldsnám stundaði Guðrún við Trinity College of Music í London undir handleiðslu Teresu Cahill. Árið 1996 lauk Guðrún Postgraduate Diploma með hæstu einkunn (Distinction). Frá 1997 hefur Guðrún numið og starfað við The Mayer-Lismann Opera Centre, undir leiðsögn Jeanne Henny og söng meðal annars aðalhlutverkið (Governess) í óperunni *The Turn of the Screw* eftir Benjamin Britten. Guðrún hefur komið víða fram á tónleikum í Englandi og söng m.a. *Vier Letzte Lieder* eftir Richard Strauss í St. John's Smith Square. Næsta stóra verkefni er þátttaka í sýningu er kallast *Diva Delight*, sem verður uppfærð á Spáni í september n.k. og víða um Bretland. Guðrún stundar nám hjá Ron Murdock og William Hancox.

Guðríður Steinunn Sigurðardóttir lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1978. Á árunum 1978 til 1980 stundaði hún nám við The University of Michigan og lauk þaðan meistaraprófi í píanóleik (Master of Music). Guðríður sótti einkatíma í píanóleik hjá Günter Ludwig, prófessor við Tónlistarháskólann í Köln, árin 1984 og 1985, og hefur auk þess sótt fjölmörg námskeið m.a. hjá Einar Steen-Nökleberg, John Browning, Dalton Baldwin og Erik Werba. Guðríður hefur komið fram á tónleikum í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Sviss og á flestum Norðurlandanna, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum. Hér á landi hefur hún verið einleikari með Sinfóniuhljómsveit Íslands og leikið m.a. á vegum Tónlistarfélagsins, Kammersveitar Reykjavíkur og Gerðubergs auk ýmissa tónleika á landsbyggðinni. Hún hefur starfað í Hljómsveit íslensku óperunnar og Sinfóniuhljómsveitinni og er píanókennari við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Efnisskrá

Roger Quilter
1877-1953

Four Child Songs op. 5
1. A Good Child
2. The Lamplighter
3. Where go the Boats?
4. Foreign Children
(Robert Louis Stevenson)

Cecil Armstrong Gibbs
1889-1960

Five eyes op. 9 nr. 3
Silver op. 30 nr. 2
(Walter de la Mare)

Frank Bridge
1879-1941

So early in the morning, O:
(James Stephens)
Love went A - Riding
(Mary E. Coleridge)

Manuel de Falla
1876-1946

Siete canciones populares Españoles
1. El paño moruno
3. Austurina
7. Polo

Jesus Guridi
1886-1961

Seis canciones Castellanas
3. Llámala con el pañuelo
4. No quiero tus avellanas

Xavier Montsalvatge
f. 1912

Cinco canciones negras
4. Canción de cuna para dormir a un negrito
(Idelfonso Pereda Valdes)
5. Canto negro
(Nicolás Guillén)

Joaquin Turina
1882-1949

Poema en forma de canciones
3. Cantares
(Ramon de Campoamor)

Xavier Montsalvatge

Úr: *Cinco canciones negras*

Idelfonso Pereda Valdes

4 Canción de cuna para dormir a un negrito - Vögguvísa fyrir lítinn svartan strák

Litla svarta barn, sem vill ekki fara að sofa, lokaðu augunum. Litla svarta freknóttar andlit, með augu eins og tveir gluggar, sem horfa út á hafið. Lokaðu augunum, hrædda barn, annars kemur svefnþúkinn og borðar þig. Þú ert ekki lengur þræll og ef þú ert góður og ferð að sofa, ætlað húsbóndi þinn að gefa þér jakkaföt.

5 Canto negro - Negra lag

Nicolás Guillén

Yambambó, yambambé, syngur svarti maðurinn frá Kongó og stendur á öðrum fætinum. Mamatomba serembré cuserembá syngur drukkni svarti maðurinn og skjögrar áfram. Æ, nú dettur hann.

Joaquin Turina

Úr *Poema en forma de canciones*

Ramon de Campoamor

3 Cantares - Söngvar

Mynd þín fylgir mér eins og draugur, þó ég sé fjarri þér. Æ, segi ég aftur, því í gær var ég heilluð, þegar ég hlustaði á þig, án þess að heyra í þér og horfði á þig, án þess að sjá þig.

Roger Quilter

Four Child Songs, op. 5 - Fjögur barnalög (1914)

Úr ljóðaflokknum *A Child's Garden of Verses*, eftir R. L. Stevenson

A Good Child - Gott barn

Ég vaknaði snemma morguns, brosandi og hamingusöm lék ég mér allan daginn. Við sólarlag bíður mín hreint og mjúkt rúmið. Ég les bænirnar mínar, því þá dreymir mig ekkert illt og ég sef vel til morguns, þar til ég vakna við söng þrastanna.

The Lamplighter - Lugtarkarlinn

Pegar teið mitt er tilbúið og sólin er sest, er kominn tími til að líta út um gluggann og sjá Leerie hraða för sinni upp götuna með lugt og stiga. Tommi ætlað að verða bílstjóri, María vill fara á sjóinn og pabbi minn er ríkur bankastjóri en þegar ég verð stór, ætla ég að hjálpa Leerie við að kveikja á lugtunum. Við erum svo heppin að hafa lugt fyrir framan útidyrnar, sem Leerie kveikir á. En elsku Leerie. Áður en þú hraðar þér burt, líttu til míni og kinkaðu kolli.

Where go the Boats? - Hvert fara bátarnir?

Endalaust líður áin áfram. Það vaxa trú báðum megin við árbakkann og sandurinn er gullinn. Græn laufblöðin og bátarnir míni fljóta umluktir vatnsfroðunni. En hvert fara þeir? Áin rennur fram hjá myllunni, niður dalinn, næstum 100 mílur eða meira. Önnur lítil börn munu draga bátana mína að landi.

Foreign Children - Erlend börn

Litli indíáni, eskimói, tyrki eða japani! Vildir þú ekki óska þér að þú værir ég? Þú hefur séð skarlagsrauð trén og ljónin. Þú hefur borðað strútsegg og velt um skjaldbökum. Pig hlýtur samt að langa til útlanda. Þú borðar skrítinn mat en ég fæ alvöru kjöt. Svo býrðu langt í burtu en ég bý heima.

Cecil Armstrong Gibbs

Five eyes op. 9 nr. 3 - Fimm augu

Walter de la Mare

Í kornmyllunni hjá Hans eru þrír svartir kettir, sem vakta að þjófóttar rottunar komist ekki í ruslaföturnar. Peir hnipro sig saman, tilbúnir, fimm leiftrandi græn augu. Tíst heyrist frá hveitipokunum, úr auðum stiganum, tíst og þytur alls staðar. Skyndilega ráðast þeir til atlögu, á meðan Hans gamli hrýtur. Um morguninn, þegar Hans klifrar upp marrandi stigann, taka kettirnir kámugir í framan á móti honum, Jekkel, Jessup og eineygða Jill.

Silver op. 30 nr. 2 - Silfur

Walter de la Mare

Hægt og hljóðlega gengur máninn um á silfruðum skóm sínum. Hann lítur í kringum sig og sér silfraða ávexti á silfruðum trjánum. Gluggarnir grípa geisla mánans undir silfruðum stráþökunum og hundurinn með silfraðar loppurnar sefur í kofanum. Í skuggsælum fuglakofanum glittir í silfurhvítar bringur dúfnanna. Lítill hagamús með silfraðar klær og augu skýst framhjá. Það glampar á hreyfingarlausen fisk hjá silfruðum reyrnum í silfruðum vatnsstraumnum.

Frank Bridge

So early in the morning, O: - Svo snemma að morgni dags

James Stephens

Ég sveifla mér grein af grein, syngjandi í þöglu morgunsárinu eða flýg um loftið og vara syfjaða fuglana við því að sólin sé brátt komin á loft og þerri döggina sem glitrar á grasinu. Laufið bærist þegar ég syng snemma morguns, upp með ánni, niður við hvamminn og við hreiðrið. Ég flöggra stríðnislega um í björtu sólskininu, sit og snyrti fjaðrir mínar eða fléttu strá í hreiðrið. Peg sýnir mér stolt undir vængi sína og ég syng henni til, sitjandi á veggnum kringum kornmylluna. Ég steypi mér niður, flýg milli trjáanna og síðan hátt upp. Ég slæst í för með fuglahóp eða flýg inn í rauðan sjóndeildarhringinn og hátt til móts við himinblámann. Og vængir míni leggjast aftur er ég steypist niður í gegnum regndropana, aftur til Peg, sem situr á eggjunum, snemma morguns.

Love went A - Riding - Ástin reið af stað *Mary E. Coleridge*
Ástin reið af stað yfir jörðina á Pegasus. Blómin sem urðu á vegi hennar blómstruðu og freðnar árnar tóku að streyma. Allir hrópuðu! Dvel hjá oss, konungur konunga. En Ástin sagði: Nei, því hesturinn minn hefur vængi.

Manuel de Falla

Úr: *Siete canciones populares Españoles*

1 El Paño Moruno - Mára klæðið

Það hefur fallið blettur á klæðið og verðgildi þess fallið, svo að nú selst það fyrir minna en áður.

3 Austuriana - Lag frá Austuriana

Ég leita huggunar hjá græna trúnu, því það grætur með mér.

7 Polo

Ég get engum sagt frá sársaukanum í hjarta mér. Bölvuð sé ástin og bölvadur sá er kynnti mig fyrir henni.

Jesus Guridi

Úr: *Seis canciones Castellanas*

3

Gefðu honum þokkafulla bindingu með klútnum og kastaðu borðanum hinum megin við hann. Nautabani! Kallaðu á nautið og kastaðu af þér skikkjunni, en passaðu að það nái þér ekki. Nautin eru grimm og drepa stundum nautabanana.

4

Ég vil ekki hnetur eða blóm frá þér, vegna þess að þú hefur svikið þau loforð, sem þú gafst mér við brunninn. Ástarjátning þín og loforð, um að þú tilheyrir mér að eilífu, hefur skolast í burtu með kristaltærum straumnum.